

Fundargerð stjórn ÍSS 2022 - 2023

Fundarstjóri: Svava Hróðný Jónsdóttir			Fundur nr: 12	
Fundarritari: Þóra Sigríður Torfadóttir			Staðsetning: Teams	
Mætt: Svava Hróðný Jónsdóttir (SHJ) Ingibjörg Pálsdóttir (IP) Þóra Sigríður Torfadóttir (ÞST) Hulda Líf Harðardóttir (HLH) Hörður Sigurðsson (HS) Kristel Björk Þórisdóttir (KBÞ) Frankvæmdastjóri	TEAMS	Fjarverandi	Dags :	01/03/2023
	x	<input type="checkbox"/>	Frá :	19:00
	x	<input type="checkbox"/>	Næsti fundur:	12. Apríl (mögulega 29. mars upp á skautaþingsmál)
	x	<input type="checkbox"/>		
x	<input type="checkbox"/>			
x	<input type="checkbox"/>	x		
x	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		
Aðrir:				

Fundarefni

1. **Samþykkt fundargerð síðasta fundar**
samþykkt

Lokið Ólokið

2. **Þriðja kynjaskráningin**

- erindi sem var geymt

<https://bogfimi.is/2023/01/06/vidbot-islandmeta-fyrir-thridju-kynskraningu-og-formleg-vidbot-a-islandsmeistaratitlum-ohadum-kyni/>

Lokið Ólokið

Erindi barst frá Bogfimisambandi Íslands um þriðju kynjaskráninguna, skapaðist góð umræða hjá stórn og allir samþykkir því að bera þá tillögu fyrir skautaþing í maí og sjá hvað gestir þar segja, ásamt því að kanna hvort þingið samþykki að breyta yngstu flokkunum á næsta tímabili þar sem öll kyn keppa saman í einum flokki, þá er fyrst og fremst verið að hugsa til þeirra flokka sem keppa ekki til verðlauna fyrst um sinn og tilheyra ekki ISU reglugerðum.

Umsjónarmaður:

3. **Heiðranir á Skautaþingi**

Stjórn fer yfir yfirlitsskjal um heiðranir og samþykkir að heiðrað verði fjórir aðila á þessu skautaþingi, en í fyrsta sinn verður skautari heiðraður fyrir árangur sinn eftir að hafa lagt skautana á hilluna, er það hún Aldís Kara Bergsdóttir sem hlýtur silfurmerki og mun vera heiðruð á Vormótinu á Akureyri. Stjórn frestar lokaákvörðun um hina þrjá einstaklingana til næsta fundar, skrifstofa fer í að panta 4 ÍSS silfurmerki.

Lokið Ólokið

Umsjónarmaður:

4. Umsókn: ISU Dómari og Componenta seminar

Lokið Ólokið

fært til lok fundar.

Stjórn samþykkir samhljóma að samþykkja umsóknina til ISU dómara réttinda sem fara fram í Obortsdorf en sambandið greiðir aðeins fyrir flug annars greiðir ISU. Einnig samþykkir stjórn umsókn um Componenta seminar.

Umsjónarmaður:

5. Æfingabúðir ÍSS

Lokið Ólokið

Þjálfari

Akureyri vs. Reykjavík

Farið yfir þá vinnu sem felst í æfingabúðum í lok júní. Vantar enn nokkur svör til að taka loka ákvörðun en líklegt að besta niðurstaðan sé Reykjavík að þessu sinni.

Rætt hvort væri ekki betra að janúar búðirnar verði í nóvember í beinu framhaldi af Íslandsmeistaramótinu.

Í júní búðum er sömu flokkum boðið og í janúar sl. Matur yrði með sama eða svipuðu sniði og í janúar. Rætt um liðsstjóra og útfærslur þess.

Umsjónarmaður:

6. Viðburðardagatal 2023 - 2024

Lokið Ólokið

Farið yfir viðburðardagatal ÍSS

Farið yfir námskeiðshald frá tækninefnd og annað.

Farið yfir dagsetningar á mótum, grunnprófum og ISU Congress.

Formaður ræðir við formenn félaganna um viðburðadagatalið.

Umsjónarmaður:

7. Adaptive Skating

Lokið Ólokið

Framhald frá erindi frá Öspinni með frekari upplýsingum er varðar erindið. Stjórn jákvæð fyrir erindinu og mun vera kláruð útfærsla í tölvupósti þegar nánari upplýsingar berast.

8. Önnur Mál

- a) Vormót, verið að vinna í dómaramálum.
- b) farið aftur í lið nr.4, María Fortescue vikur af fundi
- c) Spurt um nákvæma dagsetningu á skautaþinginu sem er 13.maí.